

Priðjudaginn 2. nóvember 1982.

Nr. 19/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Agnari Wilhelm Agnarssyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fikniefni. Ákæra um brot gegn lögum nr. 77/1970 og 65/1974. Fyrning sakar. Sýkna. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 6. janúar 1982. Ágrip málsins barst Hæstarétti 2. september s. á.

Af hálfu ákærvalds eru hafðar uppi þær dómkröfur, að héraðsdómur verði staðfestur, „þó þannig, að refsing ákærða verði færð niður“. Þá er þess krafist, að sakadómariinn í ávana- og fikniefnamálum verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt 186. gr. laga nr. 74/1974 fyrir vítaverð mistök við meðferð málsins fyrir og eftir uppsögu dóms í því.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður og allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð. Til vara krefst hann þess, að ákærði verði dæmdur til lægstu refsingar, er lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

I.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms með vísan til forsendna hans, en það athugast, að hann, er vó 4.1 g, afhenti ákærði lögreglumönnum, og var það ekki meðal efna þeirra, sem fundust í seðlaveski hans. Vörðuðu brot ákærða, er þau voru framin, við 5., sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970 og 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, en ákveða ber refsingu samkv. 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglu-

gerðar nr. 390/1974, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Dómsrannsókn hófst í máli þessu hinn 14. júní 1973, en brot þau, sem ákærða eru gefin að sök, eru öll framin á árinu 1973. Dómprófum og rannsókn fyrir lögreglu út af brotum þeim, er greinir í ákærulið 1 og 2, var að mestu lokið 10. desember 1973, en hinn 29. ágúst og 12. september 1974 voru þó háð dómþing vegna þessara brota, og var ákærði yfirheyrður í hinu síðara þinghaldi. Rannsókn fyrir dómi út af brotum, er 3. ákæruliður tekur til, hófst 19. október 1973, og stóð rannsóknin fyrir dómi og lögreglu til 10. desember s. á. Sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum sendi ríkissaksóknara rannsóknargögn út af brotum þessum öllum til ákvörðunar með bréfi 16. október 1974, en jafnframt voru send rannsóknargögn í málum 6 annarra manna, sem tengdust viðtækri rannsókn á ávana- og fíkniefnabrotum, er fram fór í sakadómi á árinu 1973. Ákæra í máli ákærða var gefin út 5. ágúst 1975. Ákæran var eigi birt ákærða fyrr en 15. júní 1977, en þann dag var málið þingfest í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum að viðstöddum ákærða, er kynnt voru rannsóknargögn. Staðfesti hann, að þau vörðuðu sig, og kvaðst telja sakaratriði í ákæruskjali réttilega tilgreind. Í þingbók er þetta bókað: „Mætti kveðst vilja halda uppi vörnum og óskaði eftir stuttum fresti til að ákvarða, hvern lögmann hann kysi til slíks“.

Nú hvílir mál þetta langa hríð, eða til 20. nóvember 1980, er dómari sá, sem kvað upp dóm í því, háði þing í málinu, en svo er frá skýrt í líéraðsdómi, að hann hafi hinn 24. október 1980 fengið málið til meðferðar. Skipaði dómariinn nafngreindan hæstaréttarlögmenn verjanda ákærða í þessu þinghaldi. Munnlegur málflutningur fór fram 27. nóvember s. á., og dómur var kveðinn upp 8. desember s. á.

III.

Telja verður, að refsing ákærða hefði eigi orðið þyngri en 8 mánaða fangelsi samkv. 5. gr. laga nr. 65/1974, sem við á um refsiviðurlög með vísan til 2. gr. almennra heg-

ingarlaga. Hin löngu hlé, sem urðu á dómprófum máls þessa, stöfuðu ekki af því, að ákærði kæmi sér undan rannsókn. Þegar þessa er gætt og framangreindur rannsóknarferill er virtur, verður að telja, að sök ákærða hafi verið fyrnd, þegar mál þetta var tekið að nýju til meðferðar á dómþingi 20. nóvember 1980, sbr. 2. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af refsikröfu ákæruvalds í máli þessu. Ákvæði héraðsdóms um upptöku þar greindra efna til eyðingar ber að staðfesta með vísan til 2. og 3. töluliða 69. gr. almennra hegningarlaga, 5. gr. laga nr. 77/1970, sbr. nú 5. gr. laga nr. 65/1974, og standa ákvæði 82. gr., 6. málsgr., almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981, 6. gr., sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, því eigi í vegi.

Samkvæmt þessum úrslitum og með vísan til meginreglu 140. gr. laga nr. 74/1974 ber að leggja allan kostnað af máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, sem þykja hæfilega ákveðin 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

IV.

Svo sem rakið er hér að framan, hefur orðið stórfelldur dráttur á rekstri máls þessa. Hér er þess einnig að geta, að verulegur dráttur varð hjá dómara þeim, sem í hlut á, að tjá ríkissaksóknara ósk ákærða um áfrýjun málsins, og hefur sá dráttur seinkað meðferð málsins eftir uppsögu héraðsdóms. Málið sætti skilvirkri meðferð hjá dómara þeim, sem kvað upp héraðsdóm, eftir að hann tók við því. Sakadómarinn í ávana- og fíkniefnamálum bar ábyrgð á rekstri máls þessa og afgreiðslu varðandi áfrýjun þess, og er sá óhæfilegi dráttur, sem að framan greinir, vítaverður. Eigi þykja þó efni vera til að sekta dómarann samkvæmt upphafi 186. gr. laga nr. 74/1974, en krafa ríkissaksóknara í þessu efni kemur eigi sérstaklega til álita, með því að hann gætti þess ekki að tilkynna héraðsdómaranum um kröfu sína með sérstöku fyrirfalli, sbr. 186. gr., 1. málsgr., 3. málslíð, laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Agnar Wilhelm Agnarsson, á að vera sýkn af refsikröfu ákærvalds í máli þessu, en ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku eiga að vera óröskuð.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar
og Sigurgeirs Jónssonar.**

Við erum sammála I. og II. kafla í forsendum atkvæðis meiri hluta dómara. Svo sem þar er greint, lauk rannsókn málsins í september 1974, og mál var höfðað gegn ákærða með ákæru, útgefinni 5. ágúst 1975. Málið var eigi tekið fyrir fyrr en 15. júní 1977, en sök var þó ekki fyrnd, þegar lítið er til þeirrar refsingar, sem ákærði hafði unnið til. Málsmeðferð var síðan ekki haldið áfram fyrr en 20. nóvember 1980. Á hléi þessu er að visu ekki neina skýringu að finna í gögnum málsins, en þó verður ekki talið, að hætt hafi verið við málsmeðferðina um óákveðinn tíma. Var sök því ófyrnd, er tekið var á ný til við rekstur málsins 20. nóvember 1980, shr. 2. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ber því að dæma ákærða refsingu, sem þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi að öðru leyti en því, að ekki þykir ástæða til þess að dæma fesekt jafnframt refsivistinni.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað ber að staðfesta. Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða sakarkostnað fyrir Hæstarétti, þar á meðal saksóknarlaun í ríkis-

sjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara um vítur á hendur sakadómaranum í ávana- og fíkniefnamálum fyrir drátt á málinu, enn fremur um úrlausn á kröfu ríkissaksóknara um ábyrgð á hendur dómaranum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 8. desember 1980.

Ár 1980, mánudaginn 8. desember, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Karli F. Jóhannssyni fulltrúa með undirrituðum vottum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 417/1977: Ákærvaldið gegn Agnari Agnarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. nóvember sl., er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 5. ágúst 1975, á hendur Agnari Agnarssyni, Leifsgötu 14, Reykjavík, fæddum þar í borg 10. september 1951, fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf með eftirgreindum hætti:

- „1. Keypt í Reykjavík í júní 1973 alls 20 grömm af hassi af Sævari Marinó Ciesielski á kr. 300.00 hvert gramm, og fór afhending fram að Grettisgötu 82. Neytti ákærði efnisins að mestu með kunningjum.
2. Á tímabilinu maí—júní 1973 útvegað sér smámsaman allt að 150 LSD þynnur hjá nefndum Sævari Marinó í Reykjavík og greitt fyrir þær ýmist 250 eða 300 krónur. Ein afhendingin fór fram á heimili Alberts Klan Skaftasonar að Njálsgötu 44, og sá nefndur Albert um afhendingu þar á 45—50 þynnum. Einnig um sama leyti látið senda sér frá Kaupmannahöfn í bréfapósti 100 þynnur af LSD. Síðan selt í Reykjavík ýmsum aðilum af efni þessu, m. a. Þorsteini Finnbogassyni 2 þynnur á samtals kr. 1.000.00. Inga Jóhanni Hafsteinssyni þrívegis nokkurt magn. Sumarliða Óskari Arnórssyni alloft nokkurt magn, m. a. í eitt skipti 20 þynnur á kr. 450.00 hverja. Jónatan Karlssyni 10 þynnur á kr. 450.00 hverja. Eggert Kristinssyni 2 þynnur, verð óvíst. Ókunnum manni í veitingastaðnum Sigtúni 15 þynnur á samtals kr. 6.000.00. Loks mörgum ótilgreindum aðilum minna magn, og fóru þær afhendingar oftast fram í nefndum veitingastað. Við rannsókn málsins var lagt hald á alls 93 þynnur.

3. Keypt í Reykjavík í september eða október 1973 allt að 500 grömmum af hassi ásamt tveim félögum sínum af Sigurbóri Stefánssyni, og kostaði hvert gramm kr. 270.00. Þannig lagt fram sjálfur allt að kr. 96.000.00 og fengið efni í hlutfalli við fjárframlag sitt. Einnig um sama leyti keypt ásamt fleirum hass af Albert Klan Skaftasyni, sem útvegaði efnið hjá Benóný Ægissyni, fyrir kr. 100.000.00, og var verð á hverju grammi rúmar 300 krónur. Lagt fram sjálfur allt að kr. 80.000.00 og fengið efni í hlutfalli við það framlag sitt. Síðan selt með hagnaði ýmsum ótilgreindum aðilum megnið af efninu í Reykjavík. Hald var lagt á 4.1 gramm við rannsókn málsins.“

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Teljast verknaðir ákærða varða nú við 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, en áður við 5. gr., sbr. 6. gr. laga um tilbúning og verslun með ópíum o. fl. nr. 77/1970 og 1. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni nr. 257/1969, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á 93 þynnum af LSD og 4.1 grammi af hassi, en þar af voru 3 þynnur og 1 gramm notuð í þágu rannsóknar málsins, sem hald var lagt á samkvæmt 5. gr. áðurnefndra laga nr. 65/1974, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

MÁLAVEXTIR.

Sumarið 1973 var til rannsóknar samhliða hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum og hinni sérstöku fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík allumfangsmikið fíkniefnamisferli nokkurra aðilja. Ákærði í máli þessu kom þar m. a. við sögu, en hann var handtekinn á heimili sínu hinn 13. júní 1973 af lögreglu. Við leit á ákærða fundust í seðlaveski ákærða 5 plasthylki, en í hverju plasthylki voru 7 límbönd, en auk þess var 1 límband, sem ekki var í plasthylki. Á þessi límbönd hafði verið raðað glærum ferningum, hver um mm að stærð.

Var talið af lögreglumönnum, að þarna væru um 100 slíkir ferningar. Sýni af ferningum þessum voru send Rannsóknastofu Háskóla Íslands og niðurstöður rannsóknar þær, að um LSD væri að ræða.

Enn fremur í seðlaveski þessu meint hassefni, er vó 4.1 gr.

Var sýni af efni þessu einnig sent Rannsóknastofu Háskóla Íslands, og var niðurstaða hennar, að hér væri um hassefni að ræða.

Hinn 14. júní 1973 var ákærði úrskurðaður til að sæta allt að 20 daga gæsluvarðhaldi. Sama dag var ákærði síðan yfirheyrður fyrir dómi. Þar skýrði ákærði frá því nokkuð ítarlega, að hann hefði fengið LSD eftir tveimur leiðum:

1) Ákærði kvaðst hafa fengið sendar 100 LSD þynnur í pósti þá viku áður. Sagðist ákærði hafa reiknað með, að sending þessi væri frá Bárði Ragnari Jónssyni, sem hefði farið utan til Kaupmannahafnar þá síðla vetrar eða snemma sumars. Gat ákærði þess, að hann hefði hitt Bárð þennan á veitingastað í Reykjavík og við það tækifæri afhent framangreindum Bárði 4.000 kr. með þeim ummælum, að Bárður sendi ákærða síðar hassefni eða „sýru“. Enn fremur sagði ákærði, að Bárður hefði skuldað sér kr. 5—6.000. Ákærði kvað einnig hafa verið um samið, að ákærði greiddi Bárði þessum mismun, ef sending yrði stór. Ákærði sagði, að áðurgreint bréf hefði verið pódstimplað í Kaupmannahöfn, en ekkert lesmál hefði verið í bréfi eða tilgreindur sendandi á því.

Ákærði lýsti síðan framangreindum LSD þynnum og kvað þær hafa verið 100 að tölu og límdar á pappírsörk með límbandi, og staðfesti ákærði í réttinum, að ofangreindar LSD þynnur væru þær, sem í hans fórum fundust við handtöku.

2) Ákærði skýrði enn fremur frá því fyrir dómi, að hann hefði vikurnar þar á undan fengið í mörgum smærri afhendingum um 100 LSD þynnur frá Sævari Ciesielski. Afhendingar sagðist ákærði telja, að hefðu oftast átt sér stað í veitingahúsinu Sigtúni, Reykjavík, en einnig heima hjá Albert Klan Skaftasyni að Njálsgötu 44, Reykjavík. Nánar þar um kvaðst ákærði muna það með vissu, að fyrsta afhending hefði átt sér stað heima hjá Albert þessum og þá hefði verið um að ræða 50 þynnur, sem Sævar Ciesielski hefði afhent sér. Ákærði kvað ekki hafa verið um staðgreiðslu að ræða, heldur hefði verið rætt um, að Sævar þessi fengi síðar 400 kr. fyrir hverja þynnu. Ákærði kvað þó framangreinda fjárhæð hafa lækkað, þegar þeir Sævar Ciesielski hefðu gert þetta endanlega upp.

Þá kvaðst ákærði minnst að hafa um helgi í Sigtúni veitt viðtöku frá Sævari þessum 10—20 þynnum með sömu skilmálum og áður getur. Sagðist ákærði hafa skilað Sævari andvirði þeirra.

Enn fremur sagði ákærði sér óhætt að fullyrða, að hann hefði nokkru síðar og einnig í veitingahúsinu Sigtúni tekið við hjá framangreindum Sævari 10—20 þynnum með sömu kjörum og fyrr.

Ákærði sagðist einnig muna eftir, að síðasta afhending hefði átt sér stað þá nokkrum dögum áður á Hressingarskálanum í Reykjavík og hefði verið um að ræða 20—30 LSD þynnur. Ákærði kvaðst ekki geta tilgreint fleiri efnisafhendingar, en ákærði sagði þó fremur líklegt, að þær hefðu verið eitthvað fleiri. Ákærði kvaðst ekki hafa talið framangreindar þynnur, heldur látið orð Sævars nægja í þeim efnum.

Ákærði kvaðst nú skuldlaus við framangreindan Sævar. Greiðslur hefðu aðeins verið tvær, önnur 15.000 kr., en hin 8—9.000 kr.

Þá gerði ákærði grein fyrir ráðstöfun á ofangreindum LSD þynnum:

1) Ákærði kvaðst hafa selt Sumarliða Óskari Arnórssyni 20 þynnur fyrir kr. 450 stykkið. Hefðu kaup þessi átt sér stað í vikunni áður. Þá sagðist ákærði um sama leyti hafa afhent Sumarliða þessum 1 þynnu til viðbótar, en enn fremur hefði hann afhent vini framangreinds Sumarliða tvær þynnur. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt um aðrar afhendingar á þynnum til Sumarliða þessa, en þær hefðu verið innan við 10 að tölu og þá fáar þynnur í einu.

2) Ákærði sagðist daginn áður hafa afhent Jónatan Karlssyni 10 þynnur, sem hefðu átt að kosta kr. 450 stykkið, og hefði Jónatan þessi lofað að greiða fyrir kl. 2030 þennan sama dag, en ákærði kvað lögreglu hafa handtekið sig nokkru fyrir þann tíma, án þess að Jónatan þessi hefði þá verið búinn að greiða þynnur þessar.

3) Sennilega föstudag fyrir hvítasunnu þá um vorið kvaðst ákærði hafa afhent á heimili sínu Eggert Kristinssyni 2 LSD þynnur.

4) Þá kvaðst ákærði hafa farið helgina áður ásamt Albert Klan Skaftasyni og Inga Jóhanni Hafsteinssyni í Þjórsárdal. Sagðist ákærði hafa haft með sér um 10 LSD þynnur í ferð þessa. Kvaðst ákærði hafa gefið þeim Albert og Inga sína þynnuna hvorum, en sjálfur kvaðst ákærði hafa tekið a. m. k. tvær þynnur. Einnig sagðist ákærði hafa gefið sér óþekktu fólki 1—2 þynnur, enn fremur hefði hann komið með nokkrar þynnur til Reykjavíkur aftur.

Þegar hér var komið sögu, kvaðst ákærði þá ekki í svipinn geta gert grein fyrir frekari ráðstöfun á ofangreindum LSD þynnum, en hann hefði boðið þær til sölu og selt ýmsu fólki, aðallega í veitingahúsinu Sigtúni.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi hinn 15. júní 1973. Þar skýrði ákærði nánar ofangreind samskipti hans við Sævar Ciesielski á sviði LSD. Var frásögn ákærða á þessa leið:

„Það mun hafa verið milli kl. 21.00 og 22.00, sennilega á sunnudagskvöldi, sem ég ók ásamt Albert Klan í bíl föður míns niður Laugaveg. Þá sáuum við Sævar á móts við verzlunina Karnabæ, innarlega við Laugaveg. Hann kom til okkar í bílinn, og man ég, að hann kvaðst þá alveg nýkominn frá Kaupmannahöfn, þ. e. um 1 klst. áður en við hittum hann. Við þetta tækifæri var ekkert rætt um fíkniefni. Ég held með vissu, að það hafi verið kvöldið eftir, sem ég kom heim til Alberts, og var Sævar þá þar fyrir. Falaði ég af þeim LSD, en lét þess þó getið, að mig skorti í bili fé. Þó minnir mig allt eins, að Sævar hafi þarna verið að tala um, að hann þyrfti að losa sig við sýru. Við þetta tækifæri má segja, að samkomulag hafi orðið um, að ég tæki sýru í e—s konar umboðssölu, en ekki varð af afhendingu þetta kvöld, því að okkur vantaði límband til þess að festa efni á. Skömmu síðar — e. t. v. fáum dögum — afhenti Sævar mér hins vegar þynnur fyrst, svo sem ég hef áður lýst.“

Í ofangreindu réttarhaldi hinn 14. júní 1973 gat ákærði þess einnig, að Albert Klan Skaftason hefði gefið sér nokkrar LSD töflur af tegundinni „Green monster“ og hefðu þetta verið innan við 10 töflur. Kvaðst ákærði minnst að hafa látið framangreindan Sumarliða Óskar Arnórsson fá 2—3 stykki og hefði hver tafla kostað kr. 500.

Ákærði bætti við framburð þennan í þinghaldi hinn 15. júní 1973. Kvað ákærði afhendingu á framangreindum grænum LSD töflum hafa átt sér stað í bílskúr við Hvammsgerði í Reykjavík og hefði verið þarna um að ræða 5—6 grænar töflur, sem hann hefði afhent Sumarliða Óskari.

Í þinghaldi 20. júní 1973 skýrði ákærði enn fremur frá því, að ofangreindar grænar töflur væru frá Sævari Ciesielski komnar, enda hefði Albert Klan haft orð um, að svo væri.

Ákærði gat einnig þess í þinghaldi hinn 20. júní 1973, að Albert Klan Skaftason hefði oftast verið viðstaddur, er Sævar Ciesielski hefði afhent ákærða LSD til sölu.

Sævar Marinó Ciesielski, fæddur 6. júlí 1955, kom fyrir dóm

hinn 23. júlí 1973. Þar skýrði Sævar þessi frá upphafi á samskiptum hans við ákærða, og var framburður Sævars á svipaðan veg og áðurnefndur framburður ákærða þar um. Enn fremur sagði Sævar Marinó, að hann hefði afhent Albert Klan Skaftasyni 150 LSD þynnur, en Sævar þessi fullyrti, að þær hefðu allar gengið til ákærða að lokum.

Hluta af þessum þynnum kvaðst Sævar Marinó sjálfur hafa í nokkrum ferðum sótt til Alberts Klan og afhent síðan ákærða, m. a. á Hressingarskálanum, smávegis í Sigtúni og loks í bíla-leigubifreið, sem ákærði hefði haft til umráða. Framangreindur Sævar kvaðst ekki muna eftir fleiri afhendingarstöðum, en þó kynni svo að vera, t. d. á heimili Alberts Klan, Njálsgötu 44, Reykjavík. Framangreindur Sævar kvað nefndan Albert sér ekki vitanlega hafa tekið við greiðslum hjá ákærða, en Sævar þessi sagði, að verðið til ákærða hefði verið ýmist kr. 250 eða kr. 300.

Sævar Marinó kvaðst hafa tekið við greiðslum frá ákærða í formi tveggja ávísana, annarrar að upphæð kr. 25.000 sem fullnaðargreiðslu fyrir 100 þynnur, en hinnar að fjárhæð kr. 15.000, greiðslu fyrir 50 þynnur. Þá gat Sævar þessi, að langur tími hefði liðið frá afhendingu þynna til ákærða og þangað til að hann hefði fengið greiðslu fyrir þær.

Framangreindur Sævar kvaðst ekki hafa átt önnur viðskipti við ákærða en hér að framan greinir, utan e. t. v. að Albert Klan hefði afhent ákærða nokkrar grænar LSD töflur gegn staðgreiðslu, en töflur þessar sagðist Sævar hafa flutt hingað til lands ásamt um 215 LSD þynnum.

Albert Klan Skaftason, fæddur 16. febrúar 1955, skýrði frá því fyrir dómi hinn 3. júlí 1973, að hann hefði að beiðni Sævars Ciesielski afhent ákærða 45 LSD þynnur u. þ. b. mánuði áður. Albert þessi kvað ekki hafa verið um neina greiðslu að ræða hjá ákærða í þessu sambandi, en framangreind afhending hefði farið fram að Njálsgötu 44, Reykjavík, heimili framangreinds Alberts.

Þegar Albert Klan var af dómara bent á misræmi í framburðum ákærða og Alberts varðandi magn þynna í þessu tilviki, en ákærði hefur borið, eins og að framan getur, að þarna hefði verið um að ræða 50 þynnur, sagði Albert þessi, að vel gæti verið, að hann hefði mistalið þynnur, en Albert kvaðst þó hafa talið þynnurnar og þær reynst vera 45 að tölu.

Þá kvaðst ofangreindur Albert hafa skömmu eftir nefnda af-

hendingu afhent ákærða 30 LSD þynnur og hefði afhending farið fram í bifreið, sem Albert sagðist hafa haft til umráða. Albert Klan lét þess og getið, að í umræddri bifreið hefði verið Sævar Ciesielski, sem hefði átt ofangreindar LSD þynnur.

Varðandi grænar LSD töflur, „Green monster“, kvaðst Albert vera þess fullviss að hafa ekki afhent ákærða slíkar töflur, en Albert Klan bætti við, að hefði hann gert það, hefði það verið að undirlagi Sævars Ciesielski, en þær hefðu ekki verið komnar frá sér.

Í þessu þinghaldi gat Albert Klan þess enn fremur, að ákærði hefði a. m. k. tvisvar sinnum gefið sér til neyslu LSD þynnur. Í annað skiptið í Þjórsárdal, þar sem Albert Klan sagði, að ákærði hefði gefið sér tvær inntökur af LSD þynnum. Í hitt skiptið kvað framangreindur Albert ákærða hafa gefið sér um 1/4 úr töflu.

Sumarliði Óskar Arnórsson, fæddur 26. nóvember 1952, skýrði frá því fyrir dómi hinn 14. júní 1973, að hann hefði þá mánuði áður keypt af ákærða 10 „trip“. Sumarliði þessi kvaðst hins vegar ekki geta gert grein fyrir, hve oft hann hefði keypt LSD af ákærða.

Þorsteinn Finnbogason, fæddur 12. febrúar 1950, hefur viðurkennt fyrir rétti hinn 14. júní 1973 að hafa keypt af ákærða 2 LSD sýrur og 1 gr af hassi á kr. 1.500, en viðskipti þessi hefðu átt sér stað daginn áður, eða 13. júní 1973.

Jónatan Karlsson, fæddur 23. ágúst 1954, kom fyrir rétt hinn 19. júní 1973 vegna máls þessa. Þar skýrði Jónatan þessi frá því, að hann ásamt öðrum nafngreindum aðilja hefði farið á vinnustað ákærða og fengið þar afhentar 10 LSD þynnur, eða glæra smáa ferninga. Kvað framangreindur Jónatan söluverð hafa verið kr. 4.500.

Ingi Jóhann Hafsteinsson, fæddur 22. júlí 1952, skýrði frá því fyrir rétti hinn 14. júní 1973, að á undanförnum mánuði hefði hann fengið gefins fyrir milligöngu Sumarliða Óskars Arnórssonar LSD í samtals 5 skipti. Kvað framangreindur Ingi, að í fyrsta skipti hefði verið um að ræða glærar LSD þynnur, en í hin skiptin litlar grænar töflur, svonefndar „Green monster“. Framangreindur Ingi kvaðst vita með vissu, að Sumarliði Óskar hefði fengið ofangreind efni hjá ákærða nema í eitt skipti.

Eggert Kristinsson, fæddur 31. maí 1953, viðurkenndi fyrir dómi hinn 8. nóv. 1974 að hafa m. a. keypt af ákærða sumarið

1973 2 LSD þynnur, en einnig kvaðst framangreindur Eggert hafa þegið af ákærða LSD af grænni tegund um svipað leyti.

Kristján Viðar Viðarsson, fæddur 21. apríl 1955, bar hér fyrir dómi hinn 28. ágúst 1973, að hann hefði á umræddu tímabili verið staddur ásamt Sævari Ciesielski á Hressingarskálanum, Reykjavík, og Sævar þá sýnt sér glæra límbandsræmu, sem á hefðu verið margar litlar glærur og að sögn Sævars þessa LSD þynnur. Giskaði framangreindur Kristján lauslega á, að þær hefðu verið 40—50 talsins.

Kvaðst Kristján Viðar skömmu síðar hafa orðið vitni að því, er Sævar Ciesielski hefði afhent ákærða nefndar LSD þynnur, og séð, er ákærði hefði greitt Sævari við þetta tækifæri ávísun að upphæð kr. 15.000.

Hinn 18. desember 1973 mættu fyrir dómi vegna samprófunar í máli þessu ákærði og Bárður Ragnar Jónsson, fæddur 26. ágúst 1953, og þar hélt ákærði fast við fyrri framburði, að hann hefði dregið þá ályktun af fyrri skiptum við Bárð þennan og peninga-afhendingum til nefnds Bárðar, að umræddar 100 LSD þynnur, sem hann hefði fengið póstsendar frá Kaupmannahöfn, hefðu verið frá Bárði. Kvaðst ákærði og í framhaldi af því hafa póstlagt til Bárðar Ragnars lokagreiðslu vegna meintra viðskipta.

Bárður Ragnar Jónsson lýsti í þessu réttarhaldi ofangreindan framburð ákærða rangan í öllum atriðum. Kvaðst framangreindur Bárður hvorki fyrr né síðar hafa sent, selt eða útvegað ákærða fíkniefni. Bárður þessi sagðist áður hafa staðfest fyrir dómi, að hann hefði dvalið í Kaupmannahöfn frá 8. apríl — 22. júlí 1973. Í nefndu þinghaldi sagðist Bárður þessi þó minnst þess, að skömmu fyrir utanför hefði hann fengið lánaðar hjá ákærða kr. 4.000 ísl. og í því sambandi haft góð orð um að senda ákærða í staðinn smáræði af „kannabis“, en ekkert hefði orðið úr því.

Í þinghaldi þessu náðist ekki frekara samræmi milli ákærða og Bárðar Ragnars Jónssonar.

Ákærði var laus úr gæsluvarðhaldi hinn 20. júní 1973, en 12. sept. 1974 kom ákærði aftur fyrir dóm vegna máls þessa. Þar var haft svohljóðandi eftir ákærða:

„Aðspurður segir kærði sér mjög úr minni liðna atburði, sem urðu tilefni rannsóknar á hendur honum vegna meints LSD fíkniefnamisferlis nærri miðju ári 1973. Þó kveðst kærði muna, að misræmis hafi gætt í framburðum varðandi uppruna um 100 LSD þynna, er fundust í fórum kærða í upphafi fyrrnefndrar rannsóknar. Kærði kveðst hafa dregið varnagla í fullyrðingum

um, að nefndar þynnur mundu vera frá Bárði Ragnari Jónssyni, og enn ekki fullyrða, að svo hafi verið.“

2. Í ofangreindu þinghaldi hinn 14. júní 1973 skýrði ákærði frá því, að daginn þar áður hefði hann lagt fram kr. 3.500 til hasskaupa. Kvaðst ákærði hafa afhent Sævari Marinó Ciesielski ofangreindar kr. 3.500, en Albert Klan Skaftason hefði síðan afhent sér 10 gr af hassefni og hefði afhending farið fram á Grettisgötu í Reykjavík.

Þá greindi ákærði frá því í þessu réttarhaldi, að hann hefði látið framangreindan Sævar fá ávísun að upphæð kr. 25.000 upp í væntanleg hasskaup. Ákærði kvað ekki hafa orðið úr hassviðskiptum, og sagðist ákærði hafa fengið andvirði ávísunar endurgreitt í peningum.

Sævar Marinó Ciesielski bar fyrir dómi hinn 23. júlí 1973, að hann hefði selt ákærða 20 gr af hassefni skömmu fyrir utanför Sævars þessa hinn 18. júní s. á. Sagði framangreindur Sævar, að afhending hefði farið fram að Grettisgötu 82, Reykjavík, og hefði hvert gr af efninu kostað kr. 300, en um staðgreiðslu hefði verið að ræða. Sævar Marinó kvað enga aðra hafa verið viðstadda framangreinda afhendingu á hassi.

Í máli þessu liggur einnig fyrir framburður Alberts Klan Skaftasonar frá 3. júlí 1973, að hann hefði þá skömmu fyrir utanför Sævars M. Ciesielski hinn 18. júní 1973 afhent ákærða 10 gr af Marokkóhassi að Grettisgötu 82, Reykjavík, en það magn sagði Albert þessi, að nefndur Sævar hefði þá nýlega afhent sér. Framangreindur Albert kvaðst telja, að hann hefði tekið við greiðslu frá ákærða, kr. 300 pr. gr.

3. Föstudaginn 19. október 1973 var ákærði í máli þessu yfirheyrður af lögreglunni í Reykjavík vegna ætlaðs fíkniefnamisferlis. Í yfirheyrslu þessari viðurkenndi ákærði m. a. að hafa fyrir fjárframlög ákærða og Péturs Sverrissonar keypt um 100 gr af hassefnum um mánaðamótin áður af Sigurbór Stefánsyni. Sama dag kom síðan ákærði fyrir dóm og staðfesti ofangreindan framburð.

Ákærði var yfirheyrður að nýju hjá lögreglu hinn 20. okt. 1973. Þar bætti ákærði við fyrri framburð á þá leið, að ókunngur maður hefði lagt til kr. 20.000 auk fjárframlaga ákærða og Péturs, en efnismagn, sem ákærði hefði keypt af framangreindum Sigurbór Stefánssyni, hefði verið 300 gr með umbúðum.

Ákærði kom síðan fyrir dóm hinn 9. nóv. 1973 og skýrði frá því, að aðdragandi samskipta við Sigurbór Stefánsson hefði ver-

ið, að Sigurbór þessi hefði boðið ákærða „kannabisefni“ til sölu. Kvaðst ákærði síðan hafa ekið um Reykjavík í því skyni að útvega fé til kaupa þessara með þeim Albert Klan Skaftasyni og Inga Rafni Bæringssyni, sem hefðu aðstoðað ákærða við söfnun peninga. Sagðist ákærði ekki muna eftir öðrum fjárframlögum en kr. 10.000 frá sér sjálfum, sennilega kr. 10.000 frá Péttri Sverrissyni og kr. 20.000, sem áður nefndir Albert Klan og Ingi Rafn hefðu afhent.

Ofangreinda peninga kvaðst ákærði síðan hafa afhent Sigurbór Stefánssyni að kvöldi dags, en afhending efna hefði ekki orðið fyrr en um hádegi næsta dag. Ákærði kvað þá sennilega hafa vitað efnið á vinnustað ákærða við Bankastræti, Reykjavík. Ákærði sagði, að efnismagn af hassi frá Sigurbór þessum hefði verið um 300 gr og einingarverð hefði verið kr. 300 pr. gr, en kr. 270 pr. gr án umbúða. Áður hafði ákærði í yfirheyrslum skýrt frá því, að hann hefði látið hlutaðeigandi fá efni í hlutfalli við fjárframlög.

Ákærði kom að nýju fyrir dóm hinn 14. nóv. 1973. Þar hélt ákærði fast við áðurgreindan framburð varðandi Sigurbór Stefánsson, nema að því leyti að ákærði kvaðst hafa afhent Sigurbór þessum töluvert efnismagn til baka. Í þessu þinghaldi kom einnig fram hjá ákærða, að a. m. k. 2—3 vikum áður en ákærði fékk efni hjá framangreindum Sigurbór, hefði Albert Klan komið heim til ákærða ásamt pilti og stúlku, er ákærði sagðist ekki þekkja. Kvað ákærði nefndan Albert hafa verið búinn að óska eftir aðstöðu heima hjá ákærða til að vigta efni og skipta því. Ákærði sagði vigt þá, er hér var um að ræða, hafa verið þannig gerða, að einungis hefði verið unnt að setja á hana 100 eða 125 gr, en ákærði kvaðst muna, að Albert Klan hefði komið með köggul, er hefði verið það stór, að orðið hefði að skipta honum til að finna heildarþyngd. Kvaðst ákærði enn fremur minna (sic), að efni hefði verið sömu tegundar og það, er hann hefði síðar fengið hjá Sigurbór Stefánssyni, en áður nefndir Sigurbór og Albert Klan hefðu báðir talið, að hér væri um svonefndan „rauðan Líbanon“ að ræða. Sjálfur sagðist hins vegar ákærði telja, að efnið hefði í báðum tilvikum verið af tegundinni Marokkó, en drýgt með „naftalíni“ og selt sem Líbanon, þ. e. a. s. sem dýrari og eftirsóttari tegund.

Ákærði kvaðst hafa verið búinn að gleyma ofangreindri meðhöndlun og að skipting efnis hefði farið fram á heimili ákærða. Kvaðst ákærði hins vegar muna með vissu, að framangreint fólk

hefði horfið af staðnum með næstum allt efnismagn, utan þess að reykt hefði verið á heimili ákærða og þess utan, er honum hefði verið gefið af efni þessu.

Áður þennan sama dag, hinn 14. nóv. 1973, hafði Albert Klan Skaftason, fæddur 16. febrúar 1955, skýrt frá því hjá lögreglu og sem hann staðfesti síðan fyrir dómi þennan sama dag, að um miðjan október 1973 hefði ákærði rætt við sig um möguleika á útvegum hassefna. Kvaðst Albert Klan af þessu tilefni hafa rætt við Benóný Ægisson í þessu skyni. Hefði orðið úr, að hann hefði keypt 300 gr af nefndum Benóný, og sagði Albert, að ákærði hefði lagt fram til kaupa þessara kr. 80.000 og hefði ákærði fengið í sinn hlut 220 gr.

Enn á ný mætti ákærði fyrir dómi hinn 15. nóv. 1973. Þar skýrði ákærði frá því, að eftir hann hefði hugleitt málið betur, væri hann þess fullviss, að hann hefði látið Sigurpór Stefánsson fá tvær ávísanir, sem við útgáfu hefðu verið innstæðulausar, aðra að fjárhæð kr. 45.000, en hina að upphæð kr. 40.000. Hefði framangreindur Sigurpór síðan látið sig fá hassefni í samræmi við ávísanir þessar.

Ákærði kvaðst enn fremur þess fullviss, að afhendingar frá framangreindum Sigurpór hefðu verið tvær, önnur á einingarverði 300 kr. pr. gr, en hin á einingarverði kr. 270 hvert gr. Ákærði sagði, að söluverð af sinni hálfu hefði verið mishátt. Yfirleitt kvaðst ákærði hafa reynt að selja hvert gramm á kr. 350, en stundum orðið að lækka það niður í kr. 300.

Að öðru leyti staðfesti ákærði fyrri framburð um fjármögnun kaupa á hassi frá Sigurpór Stefánssyni.

Þá vildi ákærði leiðrétta fyrri framburð um fjárframlög af sinni hálfu varðandi kaup Alberts Klan Skaftasonar á hassefnum. Kvaðst ákærði hafa afhent Albert Klan kr. 55.000. Sagðist ákærði hafa útvegað þetta fé með því að hafa á næstu dögum undan afhendingu móttekið fyrirframgreiðslur frá ýmsu fólki, sem hefði síðan fengið efni í hlutfalli við fjárframlög. Ákærði kvaðst ekki geta nafngreint kaupendur þessa.

Ákærði og Albert Klan Skaftason voru samprófaðir vegna þessa hinn 15. nóv. 1973 og voru sammála um, að ákærði hefði lagt fram um kr. 50.000 sjálfur, en óþekktur piltur hefði lagt fram kr. 25.000.

Hinn 10. desember 1973 var ákærði aftur boðaður fyrir dóm. Þar kvaðst ákærði minnast aðilja, sem lagt hefði fé til kaupa ákærða á hassefnum frá áðurnefndum Sigurpór og Albert Klan.

Ákærði sagði aðilja þennan vera Sumarliða Óskar Arnórsson og hefði Sumarliði Óskar lagt fram kr. 20.000. Kvaðst ákærði hafa afhent framangreindum Sumarliða Óskari tvisvar sinnum af hassefnum þessum.

Í ofangreindu réttarhaldi staðfesti ákærði fyrri framburð að hafa afhent Sigurbór Stefánssyni kr. 132.000 og móttengið frá honum kannabisefni á kr. 275 gr í hlutfalli við heildarupphæð.

Ákærða var í þessu þinghaldi bent á af dómara, að skv. endurteknum framburðum ákærða hefði hann fengið af hassefnum frá Sigurbór Stefánssyni og Albert Klan samtals rúm 600 gr. Ákærði gat þess þá, að hann gæti með engu móti gert nánari grein fyrir öðrum kaupendum en að framan getur, enda hefðu aðrir kaupendur verið margir og smáir og sér lítt eða ekki kunnugir.

Sigurbór Stefánsson, fæddur 4. janúar 1955, skýrði frá því fyrir dómi hinn 1. nóv. 1973, að sennilega um miðjan september þá um haustið hefði Sævar M. Ciesielski komið að máli við sig og gefið í skyn, að hann gæti útvegað hassefni. Kvaðst Sigurbór þessi hafa tjáð framangreindum Sævari, að hann hefði viljað fá eins mikið af efni þessu og unnt væri að útvega, og hefði þá framangreindur Sævar nefnt 1/2 kg og á kr. 250 hvert gr.

Kvaðst ofangreindur Sigurbór hafa snúið sér til ákærða og boðið honum 1/2 kg af hassefni þessu á kr. 270 pr. gr. Sagði Sigurbór þessi, að ákærði hefði tekið boði þessu þakksamlega, en áskilið sér stuttan frest til að útvega fé. Sigurbór kvað ákærða síðan hafa á næstu einum til tveimur dögum smám saman skilað umsaminni fjárhæð.

Framangreindur Sigurbór Stefánsson sagðist hafa fengið ofangreint 1/2 kg af hassi frá nefndum Sævari. En síðan kvaðst Sigurbór þessi hafa afhent ákærða hassefni þetta og hefði afhending farið fram í sendiferðabifreið, sem Sigurbór sagðist hafa haft til umráða.

Ingi Rafn Bæringsson, fæddur 10. mars 1955, kom fyrir dóm hinn 12. nóv. 1973. Þar neitaði Ingi þessi með öllu að hafa verið með ákærða og Albert Klan Skaftasyni við söfnun fjár til fíkniefnakaupa.

Albert Klan Skaftason skýrði hins vegar frá því hjá lögreglu hinn 1. nóvember 1973, að í lok september eða byrjun október hefði ákærði komið að máli við sig og beðið um aðstoð við útvegum á peningum til hasskaupa. Kvaðst Albert þessi síðan hafa ekið í bifreið föður síns með ákærða og Inga Rafni Bæringssyni, en m. a. hefðu þeir komið við í Stórholti, en að sögn framan-

greinds Alberts Klan mun ákærði þar hafa mótttekið kr. 20.000 hjá skólabróður Alberts þessa, sem Albert kvaðst þó ekki muna nafnið á. Nefndur Albert Klan sagði, að ákærði hefði sagst munu útvega sjálfur hassefnið og hefðu leiðir þeirra skilið um stund, en ákærði hefði afhent þeim Inga Rafni um 10 gr af hassi u. þ. b. klukkustund síðar. Albert Klan Skaftason gat þess enn fremur, að ákærði hefði sagt við afhendingu á áðurnefndum 10 gr, að ákærði hefði afhent þeim hassefni, sem lagt hefðu fé fram til hasskaupa ákærða.

Albert Klan Skaftason staðfesti ofangreinda frásögn fyrir dómi hinn 5. nóvember 1973.

Pétur Bernhöft Sverrisson, fæddur 23. nóvember 1954, skýrði m. a. frá því fyrir rétti hinn 20. október 1973, að þá nýlega hefði hann afhent ákærða kr. 23.000, sem sá skömmu síðar hefði látið sig fá 70 gr af hassefnum.

Fyrir liggur í máli þessu framburður Benónýs Ægissonar, fædds 29. ágúst 1952, úr þinghaldi 13. nóvember 1973, á þá leið, að Albert Klan Skaftason hefði keypt af sér 300 gr af „rauðum kannabis“ og hefði framangreindur Albert greitt fyrir efni þetta rétt um kr. 100.000.

NÍÐURSTÖÐUR.

1. Ákæruliður.

Með játningu ákærða, sem studd er framburði Sævars M. Ciesielski, verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákærulið 1, að undanskildu því, að ekki verður talið sannað gegn staðhæfingu ákærða, að hann hafi keypt meira en 10 gr af Sævari M. Ciesielski.

2. Ákæruliður.

Þá verður einnig talið sannað með skýlausri játningu ákærða, sem studd er framburðum þeirra Sævars M. Ciesielski og Alberts Klan Skaftasonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er greinir í þessum ákærulið, að hafa á tímabilinu maí—júní 1973 útvegað sér LSD þynnur hjá Sævari Marinó Ciesielski og greitt fyrir þær ýmist 250 eða 300 kr. Hér verður ekki talið sann- að með hliðsjón af framburði ákærða, að um hafi verið að ræða meira en um 130 LSD þynnur. Ein afhending hafi farið fram á heimili Alberts Klan Skaftasonar að Njálsgötu 44 og hafi nefndur Albert séð um afhendingu þar á 45—50 þynnum.

Í ákæruskjali, lið 2, er ákærða enn fremur gefið að sök að hafa

um sama leyti og að framan greinir látið senda sér frá Kaupmannahöfn í bréfpósti 100 LSD þynnur. Með hliðsjón af framburði ákærða og fundi á 93 LSD þynnum í fórum ákærða verður talið sannað, að ákærði hafi fengið sendar 100 LSD þynnur frá Kaupmannahöfn í bréfpósti, og þegar allir málavextir eru virtir, að ákærði hafi stofnað til sendingar þessarar.

Enn fremur verður að telja sannað með játningu ákærða, sem studd er framburðum Þorsteins Finnbogasonar, Inga Jóhanns Hafsteinssonar, Sumarliða Óskars Arnórssonar, Jónatans Karlssonar og Eggerts Kristinssonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum og er gefin að sök í 2. ákærulið, nánar að hafa selt í Reykjavík ýmsum aðiljum af efni þessu, m. a. Þorsteini Finnbogassyni 2 þynnur á samtals kr. 1.000, Inga Jóhanni Hafsteinssyni þrívogis nokkurt magn, m. a. í eitt skipti 20 þynnur á kr. 450 hverja, Jónatan Karlssyni 10 þynnur á kr. 450 hverja, Eggert Kristinssyni 2 þynnur, verð óvíst. Ókunnugum manni í veitingastaðnum Sigtúni 15 þynnur á samtals kr. 6.000.

Loks mörgum ótilgreindum aðiljum minna magn, og fóru afhendingar fram í nefndum veitingastað.

3. Ákæruliður.

Með játningu ákærða, sem studd er framburðum Sigurbórs Stefánssonar, Alberts Klan Skaftasonar og Benónýs Ægissonar, verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákærulið 3, nánar að hafa keypt í Reykjavík í september eða október 1973 allt að 500 grömmum af hassi ásamt tveim félögum sínum af Sigurbór Stefánssyni, og kostaði hvert gramm kr. 270. Þó verður hér ekki talið sannað gegn staðhæfingu ákærða, að hann hafi sjálfur lagt til ofangreindra hasskaupa við nefndan Sigurbór meira en kr. 10.000 og fengið efni í hlutfalli við fjárframlag sitt.

Einnig um sama leyti keypt ásamt fleirum hass af Albert Klan Skaftassyni, sem útvegaði efnið hjá Benóný Ægissyni, fyrir kr. 100.000, og var verð á hverju grammi rúmar 300 kr. Í ákæruskjali er ákærða enn fremur gefið að sök að hafa lagt sjálfur fram allt að kr. 80.000 og fengið efni í hlutfalli við það framlag sitt. Ekki verður þó hér talið sannað gegn staðhæfingu ákærða, að hann hafi lagt fram meira en kr. 55.000 sjálfur í þessu skyni. Síðan selt með hagnaði ýmsum ótilgreindum aðiljum megnið af efninu í Reykjavík.

Með háttsemi þeirri, er getur hér um í liðum 1—3 hér að framan, þykir ákærði hafa gerst brotlegur við 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, en áður við 5. gr., sbr. 6. gr. laga um tilbúning og verslun með ópíum o. fl. nr. 77/1970 og 1. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni nr. 257/1969, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

REFSING.

Með háttsemi þeirri, er ákærði hefur nú verið fundinn sekur um, þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar. Ofangreinda háttsemi ákærða verður að meta sem eina samfellda brotaheild, bæði hvað refsingu og fyrningu snertir.

Ákærði er sakhæfur.

Ákærði hefur sætt refsingum og kærum skv. sakaskrá ríkisins sem hér segir:

- 1970 26/2 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 48. og 49. gr. umferðarlaga.
- 1974 9/12 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 48. gr. umferðarlaga.
- 1978 30/8 í Reykjavík: Sátt, 55.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 og 77. gr. hegningarlaga.
- 1979 2/11 í Reykjavík: Sátt, 630.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga og 71. gr. sömu laga og 78. gr. að hluta.
- 1980 4/7 í Reykjavík: Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Ökuleyfissvipting í 12 mán. frá 20/6 1980.
- 1980 13/6 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 180.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974 og 71. gr. hegningarlaga.

Samkvæmt ofangreindu verður nú að dæma ákærða hegningarauka samkv. 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, en refsingu ber einnig að tiltaka með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði. Þar sem langt er liðið síðan ofangreind brot áttu sér stað, þykir rétt að fresta hluta refsingar, en ekki þykir tök á að skilorðs-

binda refsingu að öllu leyti með hliðsjón af því, hve um alvarleg brot er hér um að ræða, og með tilliti til brotaferils ákærða, síðan ofangreind brot áttu sér stað.

Að öllum málavöxtum virtum þykir rétt að fresta fullnustu 5 mánaða af refsivist í 3 ár frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði alm. skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Til frádráttar refsivist þessari komi einnig sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, alls 6 dagar, með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði skal enn fremur með hliðsjón af 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 greiða fésekt, þar sem telja verður, að ákærði hafi haft hagnað af háttsemi sinni, en ekki verður þó ákærða gert að greiða meira í fésekt en kr. 135.000 með hliðsjón af þeim fésektum, sem ákærði hefur gengist undir að greiða samkv. ofangreindum dómssáttum. Verði fésekt þessi hins vegar ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í fésektar stað 10 daga fangelsi.

Samkvæmt ofangreindu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða í máli þessu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 170.000 til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.

Þá skal með vísan til 69. gr. alm. hegningarlaga og 5. gr. laga nr. 65/1974 gera upptækt til eyðingar 93 þynnur LSD og 4.1 gr af hassi, sem lagt var hald á við rannsókn málsins, svo sem krafist er í ákæru.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp dóm þennan. Dómari máls þessa tók við því hinn 24. október 1980.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Agnarsson, fæddur 10. september 1951, sæti fangelsi í 7 mánuði, þar af skal fresta fullnustu 5 mánaða af refsivist í 3 ár frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði alm. skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Til frádráttar refsingu komi sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, alls 6 dagar.

Ákærði greiði í fésekt kr. 135.000, og komi 10 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá skal ákærði greiða allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 170.000.

Enn fremur skal gert upptækt til eyðingar 93 þynnur LSD og 4.1 gr af hassi.

Þriðjudaginn 2. nóvember 1982.

Nr. 226/1980. **Eðvarð Felixson**

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)

gegn

Sigurði Bernódussyni

(Garðar Garðarsson hdl.).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. október 1980 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á stefnukröfunni og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Því var ekki haldið fram af hálfu stefnda, að áfrýjandi hefði beitt svikum við sölu á íbúð þeirri, sem um er fjallað í máli þessu.

Húsið nr. 4 við Brekkustíg var reist á árunum 1946—1947. Stefndi mátti gera sér grein fyrir, að hann var að kaupa íbúð í húsi, byggðu á þessum árum, og kynni því að skorta á, að ástand hennar væri í samræmi við þær kröfur, sem